



Leiðbeiningar og reglur um MSc-rannsóknarverkefni í klínískri sálfræði

1. Kynning

Rannsóknarverkefnið gildir 30 ECTS og er unnið undir leiðsögn. Verkefnið dreifist á þrjár annir og hefst á 2. önn. Í lok hvernar annar er viðeigandi hluta verkefnisins skilað. Ekki er gefin einkunn fyrir verkefnið en nemendur fá staðið/fallið fyrir hvern hluta fyrir sig. Verkefnið felur í sér rannsókn á sviði klínískrar sálfræði. Æskilegt er að nemandi safni gögnum sjálfur, en hægt er að fá undanþágu ef gögn eru þegar til staðar. Rannsóknarverkefnið er mótað á 2. önn, gagnaöflun fer fram á 3. önn og gagnavinnsla og greinarskrif á 4. önn.

Forstöðumaður klíníska meistaranámsins, eða sérstakur starfsmaður þess, hefur yfirumsjón með rannsóknarverkefnum fyrir hönd námsins. Umsjón felur í sér samskipti við leiðbeinendur og að fylgjast með framvindu rannsóknarverkefna. Umsjónarmaður getur beðið nemendur um að skila inn upplýsingum um stöðu verkefnisins hvenær sem er á námstímanum. Skil á slíkum upplýsingum fara fram í gegnum kennslukerfi skólans eða eftir atvikum í tölvupósti til umsjónarmanns.

2. Einstaklingsverkefni

Rannsóknarverkefnið er einstaklingsverkefni, en í undantekningar tilfellum er hægt að óska eftir að vinna verkefnið tveir nemendur saman. Þá ber að sækja um undanþágu til námsstjórnar sálfræðideildar. Ef tveir nemendur vinna rannsóknarverkefni saman þá skal verkefnið vera viðameira sem því nemur. Þannig geta nemendur unnið saman í gagnaöflun en þurfa hvor fyrir sig að skila inn sinni úrvinnslu, greiningu og handriti af vísindagrein.

3. Leiðbeinendur

Val á leiðbeinanda er háð samþykki umsjónarmanns rannsóknarverkefna. Sé leiðbeinandi hvorki fastur starfsmaður né stundakennari við sálfræðideild HR þarf að skipa auka-leiðbeinanda úr hópi starfsmanna eða stundakennara. Hlutverk aukaleiðbeinanda er að vera tengiliður við sálfræðideild og sjá til þess að reglum og viðmiðum um rannsóknarverkefni sé fylgt.

4. Lýsing á verkefnaferlinu

4.1 Fyrsti hluti, önn 2 (6 ECTS) - Rannsóknaraðferðir og rannsóknarsnið



Val á verkefni og leiðbeinanda hefst undir lok 1. annar og þarf nemandi að hafa ákveðið verkefni og samið við leiðbeinanda í byrjun 2. annar. Tillaga að verkefni (*proposal*) þarf að liggja fyrir í lok janúar. Tillagan felur í sér stutta samantekt um verkefnið (hámark 500 orð), sem samanstendur af örstuttum inngangi með markmiði, tilgátum eða rannsóknarspurningum og almennri lýsingu á aðferð. Tillöggunni skilar nemandi á ensku í gegnum kennslukerfi skólans. Leiðbeinandi og umsjónarmaður þurfa að samþykkja tillöguna áður en nemandi getur hafið vinnu við undirbúning verkefnisins.

Við undirbúning verkefnisins skrifar nemandi ítarlega siðarnefndarumsókn þar sem greint er frá stöðu þekkingar á viðfangsefninu í 3000 – 5000 orðum, og nákvæmri rannsóknaráætlun á ensku. Þessu tvennu skilar nemandi í lok 2. annar í *Turnitin* og í gegnum kennslukerfi HR. Einnig skilar nemandi siðarnefndarumsókn til viðeigandi siðarnefndar (Vísindasiðarnefndar, Siðarnefndar Landspítala, o.s.frv., ef svo á við).

Í tilvikum þegar nemandi vinnur verkefni sitt upp úr fyrirbyggjandi gagnasafni, þar sem öll leyfi liggja fyrir, skal nemandi samt sem áður vinna og skila inn fullbúinni siðarnefndarumsókn í lok 2. annar í *Turnitin* og í gegnum kennslukerfi HR.

Miða skal við að öll leyfi fyrir rannsóknarverkefninu (s.s. siðarnefndarleyfi og leyfi yfirmanna stofnana/deilda þar sem framkvæma á rannsóknina), liggi fyrir í byrjun 3. annar svo unnt sé að hefja gagnaöflun.

4.2 Annar hluti, 3. önn (6 ECTS) – Framkvæmd og gagnaöflun

Á 3. önn, samhliða gagnaöflun, skrifar nemandi aðferðakafla á ensku, ásættanlegan til birtingar í alþjóðlegu vísindariti á því sviði sem verkefnið er á, í samráði við leiðbeinanda sinn. Kaflanum skilar nemandinn í *Turnitin* og í gegnum kennslukerfi HR.

4.3 Þriðji hluti, 4. önn (18 ECTS) – Úrvinnsla gagna og greinarskrif

Á fjórðu og síðustu önn í náminu vinnur nemandi úr gögnunum og skrifar fullbúið handrit að vísindagrein á ensku, sem er birtingarhæft í alþjóðlegu vísindariti. Nemandi skilar handriti að grein í *Turnitin*, í gegnum kennslukerfi HR og í Skemmuna.

5. Hlutverk leiðbeinanda og samskipti nemanda og leiðbeinanda

Meginreglan er sú að leiðbeinandi og/eða aukaleiðbeinandi hafi meistaragráðu í klínískri sálfræði (Cand.Psych. eða MSc) eða hærri prófgráðu í sálfræði, en á þessu má gera undantekningar, sem námsstjórn sálfræðideildar veitir. Leiðbeinandi ber ábyrgð á rannsóknarverkefninu, s.s. gagnvart leyfishöfum og hefur umsjón með því og leiðbeinir nemanum reglulega. Gert er ráð fyrir að leiðbeinendur hitti nemendur að lágmarki einu sinni til tvisvar á önn og svari tölvupósti frá nemanda eigi síðar en þremur dögum frá sendingu. Nemanda ber að stilla tölvupóstssamskiptum við leiðbeinanda (og aukaleiðbeinanda) í hóf í samráði við leiðbeinanda. Gert er ráð fyrir að leiðbeinendur lesi drög að hverjum kafla greinarinnar einu sinni og heildardrög einu sinni.



Leiðbeinandi (og aukaleiðbeinandi þegar það á við), er meðhöfundur á birtum greinum sem verkefnið leiðir af sér, enda hafi hann lagt að mörkum til verkefnisins með leiðbeiningu sinni og öðru framlagi. Almenn er gert er ráð fyrir að nemandi sé fyrsti höfundur a.m.k. einnar vísindagreinar, sem myndar rannsóknarverkefni hans, verði greinarnar fleiri en ein. Vinni tveir nemendur saman rannsóknarverkefni og skila tveimur ólíkum vísindagreinum geta báðir verið höfundar, þ.e. annar fyrsti höfundur og hinn meðhöfundur.

Leiðbeinandi og aukaleiðbeinandi, þar sem það á við, meta rannsóknarverkefnið (handrit að vísindagrein ásamt samantekt) ásamt prófdómara skipuðum af námsstjórn sálfræðideildar. Gefið er staðið/fallið fyrir verkefnið.

6. Skil og kynning á rannsóknarverkefni

Fyrir lok 4. annar skilar nemandi handriti að vísindagrein ásamt stuttri samantekt eða ágripi (500-800 orð) um rannsóknina, forsendur hennar og framkvæmd til leiðbeinanda (og auka-leiðbeinanda þar sem það á við). Í samantekt eða ágripi skal koma fram að greinin er hluti af rannsóknarverkefni til meistaraþrófs, hvað var gert á önnunum þremur og hver skilaverkefni voru. Þá á einnig koma fram hvort verkefnið er hluti af öðru rannsóknarverkefni, hvaða kenningarlega grundvöll var stuðst við, hver/hverjir voru leiðbeinendur, hvar verkið var unnið og hverjum ber að þakka fyrir aðstöðu og þátttöku. Ef senda á greinina til birtingar í alþjóðlegu vísindaritil skal koma fram hverjir verða meðhöfundar af birtri grein

Uppsetning rannsóknarverkefnisins skal vera eftir APA staðli, nema búið sé að ákveða í hvaða tímariti greinin á að birtast, í slíkum tilfellum skal uppsetning fara eftir staðli viðkomandi tímarits.

Leggi leiðbeinendur það mat á verkið að það sé fullnægjandi skilar nemandi því í *Turnitin* og í gegnum kennslukerfi *myschool*. Í framhaldi af því og ef ekkert athugasvert kemur í ljós, er það sent til prófdómara sem hefur tvær vikur til yfirlstrar. Prófdómari og leiðbeinandi/leiðbeinendur gefa nemanda einkunn, en ef ágreiningur rís á milli leiðbeinanda/leiðbeinenda og prófdómara um einkunn er málinu vísað til námsstjórnar sálfræðideildar til úrlausnar. Þegar einkunn hefur verið samþykkt skal nemandi skila verkinu á Skemmuna með fyrirmælum um að hafa það opið eða lokað eftir atvikum.

Þegar líður að skilum á rannsóknarverkefninu (t.d. í aprílmánuði) er haldinn Vísindadagur í HR þar sem allir útskriftanemar í klíniska meistaranáminu kynna verkefni sín og verja þau opinberlega. Á Vísindadag mæta leiðbeinendur, aukaleiðbeinendur og prófdómarar, ásamt öllum kennurum og nemendum HR, sem áhuga hafa, og öðrum gestum sem boðið er sérstaklega, til að mynda meðlimum Sálfræðingafélags Íslands og nemendum og kennurum úr öðrum háskólum á Íslandi.